

Skipulagsstofnun

Dalbraut

840 Laugarvatn

Hlíð 17.febrúar 2021

Við gerum athugasemdir við kynningargögn sem auglýst eru , reyndar illa auglýst á heimasíðu Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna áforma um Hvammsvirkjun:

Fyrst af öllu er gagnrýni á auglýsingu,sem er lítið höfð í frammi og leita þarf á síðum til að finna.

Áform um Hvammsvirkjun hafa þegar valdið deilum og ágreiningi hjá íbúum í sveitarfélaginu.

Þriðjungur þess lands sem færi undir Hagalón er gróið land eða **um 1,7 km²**.

Áætlað var í matsskýrslu frá 2003 að um **6 ha af votlendi** fari undir vatn í Hagalóni. Nú á tímum kolefnissótspora og mikillar umræðu um endurheimt votlendis áformar Landsvirkjun að standa að því að sökkva votlendi. Mótvægisáðgerðir einhver staðar annars staðar geta engan vegin verið studdar af gögnum og ekki upplýsingar um þær að sjá.

Í Viðey (Minni-Núpsbólma), sem er skammt neðan við stíflustæðið, er þéttur birkiskógur og er eyjan friðlýst. Í mótvægisáðgerðum er gert ráð fyrir að girða Viðey af með mann- og fjárheldri girðingu. Hversu há eða öflug sú girðing þarf að vera til að halda mönnum, búfenaði og villtum dýrum frá hefur ekki verið svarað, en trúlega þarf álíka öfluga girðingu og um fangelsi væri að ræða. Enn einu sinni skal minnt á að Þjórsá er sauðfjárveikivarnarlína ! En þá á bara að girða með ánni í mótvægisáðgerðum. Við höfum enga skýrslu séð um girðingarmálið, en Matvælastofnun á vísit að sjá um þann þátt.

Í landi þar sem lögð er áhersla á uppgræðslu og endurheimt vistkerfa skýtur skökku við að leggja til að 1.7 ferkílómetrar fari undir vatn, óendurkræf áðgerð.

8 ha af landi færi undir skurði, breiða og langa sem skemma ásýnd og landslag verulega. Hætta af slíkum skurðum er einnig veruleg, athuga skal að landið er vinsælt af ferðamönnum og geta hættur skapast ef ekki er varlega farið, sérstaklega að vetrarlagi(vélsleðar).

Þurr árfarvegurinn mun blása sandi og jökulleir,sérlega að vetrarlagi þegar ríkjandi vindáttir eru fram sveitina, norðaustanáttin er hvöss!

Í mars (12.mars 2018) birti skipulagsstofnun niðurstöður :

Álit Skipulagsstofnunar var birt 12. mars 2018. Helstu niðurstöður eru að fyrirhuguð framkvæmd hefur **talsverð neikvæð** áhrif á ferðabjónustu og útivist og **verulega neikvæð** áhrif á landslag og ásýnd lands. Mikilvægt er að ráðist verði í mótvægisáðgerðir s.s. með útfærslu bakka og stíflugarða.

Já mikilvægt að ráðast í mótvægisáðgerði er alltaf svarið frá þeim yfirvöldum.

Á framkvæmdatíma leggst mikill þungi á vegina sem eins og allir sveitungar vita eru að hrynja, þrátt fyrir litla umferð ferðamanna, sem er tímabundið ástand. Þegar við ökum leiðina meðfram Þjórsánni er stórhætta á ferð, þungaflutningar hafa verið all nokkrir vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar og ef Hvammsvirkjun fer af stað munu þeir flutningar margfaldast. Um sömu vegi fara leikskólabörn og skólabörn alla daga. Vegurinn er það mjór að stórir vagnar taka sér oft rétt á miðlínunni, kannski skiljanlega, þeir vilja ekki missa truckana útaf. Því fleiri slíkir sem eru á ferð, því meiri hætta á stórslysi. Mótvægisáðgerðir??

Hvammsvirkjun er tímaskekkja. Raforkan er næg í landinu, það staðfesti forstjóri Orkustofnunar. Þegar umræðan snýst um endurheimt vistkerfa, verndun og uppgræðslu eru engin rök fyrir Hvammsvirkjun.

Virðingarfyllt

Anna María Flygenring kt.060856-3389 Hlíð, Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Guðný Stefanía Tryggvadóttir kt.160191-2609 Hlíð Skeiða-og Gnúpverjahreppi.